Fornleifaeftirlit í Stóraseli, Reykjavík. Framkvæmdarannsókn

Lísabet Guðmundsdóttir

FS644-15042
Reykjavík
2017

Á forsíðumynd má sjá steingrunn syðri veggs rétt áður en hann var fjarlægður í febrúar 2017.

Fornleifastofnun Íslands
Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551-1033
Fax: 511-1047
Tölvupóstfang: fsi@instarch.is

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	3
Inngangur	4
Framkvæmd	4
Niðurstaða	6
Heimildaskrá	6

Inngangur

Árið 2015 fór fram fornleifarannsókn á Stóraseli við Holtsgötu 41b, bæði innan og utan húss. Til stóð að gera upp steinhús sem reist var á árunum 1884-1893. Við framkvæmdina þurfti að lækka gólfflöt hússins og var því ráðist á fyrrnefnda fornleifarannsókn. Fornleifastofnun Íslands sá um fornleifarannsókn en Minjavernd hf um endurbætur á steinhúsinu. Þegar framkvæmd hófst kom í ljós að fjarlægja þyrfti grjóthlaðinn grunn suðvesturveggjar. Fór Minjastofnun Íslands fram á framkvæmdaeftirlit þegar grunnurinn yrði fjarlægður. Grunnurinn var rifinn 15. febrúar 2017 og eftirlit var í höndum Lísubetar Guðmundsdóttir fornleifafræðings, um vélgröft sá Ólafur Þorsteinsson. Verkhluti þessi er hluti af fyrri rannsókn og er rannsóknarnúmer hið sama og verkhlutans sem unninn var 2015: 201501-46.

Framkvæmd

Kort 1. Kortið sýnir staðsetningu Stórasels.

Kort 2. Á kortinu má sjá útlínur Stórasels ásamt þeim minjum sem kannaðar voru árið 2015. Rannsóknarsvæðið árið 2017 er innan rauða rammans

Vélgrafa var notuð til þess að fjarlægja húsgrunninn og hreyfð jarðlög þar undir. Opnað var um 1 m x 3 m stórt svæði við suðausturhluta hluta hússins. Grafið var niður um 70 cm ef miðað er við húsgrunninn. Efsta umfar grunnsins var hlaðið úr tilhöggnu grjóti og var steypa á milli hleðslna. Undir tilhöggna grjótinu var fjörugrjót sem tilheyrði sama grunni, lábarið. Grafið var fyrir grunni steinhússins í gegnum mannvistarlög sem tilheyrðu 19. aldar torfhúsinu sem þarna stóð.[1] Undir grunninum voru blönduð mannvistarlög sem í voru móöskuflekkir og torfrusl, voru þessi lög laus í sér og mjög leirrík. Tilheyra þessi lög jarðlögum [301] og [302] í uppgreftrinum innanhúss.[2] Fyrir neðan blönduðu lögin var svört eðja lík þeirri sem fannst við rannsókn inn í húsinu, lag [315].[3] Lag þetta var lífrænt og lyktarmikið. Undir svarta lífræna laginu var komið niður á svart þétt gólflag sem í voru kol, skeljar, bein, viðarleifar og hrís. Gólfskánin var ofan á hellum og á milli hellna var móaska. Þessar minjar tilheyra að öllum líkindum

[1] Lísabet Guðmundsdóttir, Nikola Trbojevic. 2016. bls. 6

[2] Lísabet Guðmundsdóttir, Nikola Trbojevic. 2016. bls. 13

[3] Lísabet Guðmundsdóttir, Nikola Trbojevic. 2016. bls. 18

mannvirki 4 sem rannskað var árið 2015 en hlutverk þess er óþekkt.[4] Ekki var þörf á að grafa dýpra vegna framkvæmdanna. Svo virðist vera að mannvistarlög við Stórasel þykkni til suðausturs og má sjá móta fyrir hækkun í landslaginu þá átt. Það bendir til þess að þar sé hæsti hluti bæjarhólsins en steinhúsið hefur verið í jaðri hólsins. Leiða má að því líkur að þar séu enn minjar Stórasels að finna. Möl var lögð yfir minjarnar sem voru undir steinveggnum og þeim ekki raskað frekar.

Mynd 1. Grunnur suðurveggs áður en framkvæmdir hófust. (Mynd tekin í V)

Mynd 2. Stétt og móöskulag sem var undir gólflagi (Mynd tekin í S)

[4] Lísabet Guðmundsdóttir, Nikola Trbojevic. 2016. bls. 15-16

Mynd 3. Stétt og móaska. (Mynd tekin í V)

Niðurstaða

Vegna lokaframkvæmda í Stóraseli, fór fram fornleifaeftirlit er undirstöður syðri veggs hússins var fjarlægður. Svæðið sem var kannað var um 1 m x 2,5 m. Undirstöðurnar voru hlaðnar lábörðu grjóti en efst var eitt umfar af tilhöggnu grjóti. Undirstöður veggjarins voru grafnar ofan í móösku- og torfblönduð lög sem voru ofan á minjum sem tilheyrðu torfhúsi frá 18. til 19. öld. Neðst var stétt ásamt móöskulagi en þær minjar voru ekki fjarlægðar. Stéttin tilheyrir að öllum líkindum mannvirki 4 sem rannsakað var árið 2015 en hlutverk þess er óþekkt.

Heimildaskrá

Lísabet Guðmundsdóttir, Nikola Trbojevic. 2016. *Fornleifauppgröftur í Stóraseli, Reykjavík. Framkvæmdarannsókn*. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík FS608-15041.